

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 4. gr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2006 frá 10. mars 2006, sem birtist í EES-viðauka 28 bls. 20, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 með síðari breytingum og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 17. janúar 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 884/2005**

frá 10. júní 2005

**um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

I. KAFLI

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

**EFNI OG SKILGREININGAR**með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 9. gr.,

I. gr.

**Efni***og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um verklagsreglur um framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar til að fylgjast með beitingu reglugerðar (EB) nr. 725/2004 í hverju aðildarríki, í tengslum við hverja einstaka hafnaraðstöðu og hjá hlutaðeigandi félögum.

Skoðanirnar skulu fara fram á gagnsæjan, skilvirkan, samhæfðan og samræmdan hátt.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) Til að fylgjast með beitingu reglugerðar (EB) nr. 725/2004 í aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin annast skoðanir sem hefjast sex mánuðum eftir gildistöku þeirrar reglugerðar. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi yfirumsjón með skipulagi skoðana til að sannprófa skilvirkni innlendra gæðaeftirlitskerfa og ráðstafana, verklagsreglna og mannvirkja á sviði siglingaverndar.
- 2) Siglingaöryggisstofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 <sup>(2)</sup>, skal veita framkvæmdastjórninni tækniástoð við framkvæmd skoðana hennar á skipum, hlutaðeigandi félögum og viðurkenndum verndarstofnunum.
- 3) Framkvæmdastjórnin skal samhæfa áætlun og undirbúning skoðana sinna í samvinnu við aðildarríkin. Skoðunarteymi framkvæmdastjórnarinnar skulu geta kallað til starfa hæfa, innlenda skoðunarmenn þegar þess er kostur.
- 4) Skoðanir á vegum framkvæmdastjórnarinnar skulu fara fram í samræmi við fasta málsmeðferð, þ.m.t. staðlaðar aðferðir.
- 5) Meðhöndla skal viðkvæmar upplýsingar um skoðanir sem leynilegar upplýsingar.
- 6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

1. „skoðun á vegum framkvæmdastjórnarinnar“: rannsókn af hálfu skoðunarmanna framkvæmdastjórnarinnar á gæðaeftirlitskerfum aðildarríkjanna, ráðstöfunum, verklagsreglum og mannvirkjum á sviði siglingaverndar innanlands til að ákvarða hvort ákvæði reglugerðar (EB) nr. 725/2004 séu uppfyllt,
2. „skoðunarmaður framkvæmdastjórnarinnar“: einstaklingur sem uppfyllir kröfurnar sem tilgreindar eru í 7. gr og starfar hjá Siglingaöryggisstofnun Evrópu eða innlendum skoðunarmaður með umboð framkvæmdastjórnarinnar til að taka þátt í skoðunum framkvæmdastjórnarinnar,
3. „innlendum skoðunarmaður“: einstaklingur sem aðildarríki ræður til starfa og er viðurkenndur sem skoðunarmaður á sviði siglingaverndar samkvæmt kröfum þess aðildarríkis,
4. „nefndin“: nefnd, sem komið er á fót skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004,
5. „hlutlæg sönnunargögn“: megindlegar eða eigindlegar upplýsingar, skýrslur eða niðurstöður sem lúta að vernd eða tilvist og framkvæmd kröfu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 725/2004, byggð á athugasemdum, mælingum eða prófunum sem unnt er að færa sönnur á,
6. „athugasemd“: niðurstaða fengin við skoðun á vegum framkvæmdastjórnarinnar, studd hlutlægum sönnunargögnum,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 724/2004 (Stjótið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1).

7. „frávik“: aðstæður, sem hafa verið kannaðar, þar sem hlutlæg sönnunargögn benda til þess að ekki sé farið að kröfu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 725/2004, þannig að aðgerðir til úrbóta eru nauðsynlegar,
8. „gróft frávik“: greinilegt frávik sem er alvarleg ógnun við siglingavernd og krefst tafarlausa aðgerða til úrbóta, að auki telst það vera gróft frávik ef krafa samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 er ekki uppfyllt með skilvirkum og kerfisbundnum hætti,
9. „tengiliður fyrir siglingavernd“: aðili sem sérhvert aðildarríki tilnefnið milli framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja og til að greiða fyrir, fylgja eftir og upplýsa um beitingu ráðstafana um siglingavernd sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 725/2004,
10. „hlutaðeigandi félag“: aðili sem ber að útnefna verndarfulltrúa félags, verndarfulltrúa skips eða verndarfulltrúa hafnar eða sem ber ábyrgð á að hrinda í framkvæmd verndaráætlun fyrir skip eða verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu eða sem aðildarríki hefur útnefnt sem viðurkenndan verndaraðila,
11. „prófun“: prófun á ráðstöfunum til að tryggja siglingavernd þar sem líkt er eftir þeim ásetningi að fremja ólöglegt athæfi í þeim tilgangi að prófa skilvirkni við framkvæmd gildandi verndaráðstafana.

## II. KAFLI

### ALMENNAR KRÖFUR

3. gr.

#### Samvinna milli aðildarríkja

Með fyrirvara um ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin sinna skoðunarverkefnum sínum í samvinnu við hana. Þessi samvinna skal fara fram á undirbúnings-, eftirlits- og skýrslugjafarstiginu.

4. gr.

#### Beiting heimilda framkvæmdastjórnarinnar

- Hvert aðildarríki skal sjá til þess að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar geti beitt heimildum sínum til að skoða starfsemi á sviði siglingaverndar hjá lögbærum yfirvöldum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 725/2004 og hjá hlutaðeigandi félagi.
- Hvert aðildarríki skal sjá til þess, sé þess óskað, að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar hafi aðgang að öllum skjölum sem tengjast siglingavernd og einkum:
  - innlendra áætlun um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 725/2004 sem um getur í 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar,

- upplýsingar sem tengiliður leggur fram og vöktunarskýrslur sem um getur í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

3. Á þeim stöðum þar sem skoðunarmenn á vegum framkvæmdastjórnarinnar eiga í erfiðleikum með að sinna skyldustörfum sínum skulu hlutaðeigandi aðildarríki aðstoða framkvæmdastjórnina, eins og þeim er framast unnt, innan þeirra lagaheimilda sem þeim eru tiltækar, til að hún geti sinnt verkefni sínu til fulls.

5. gr.

#### Þátttaka innlendra skoðunarmanna í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu útvega framkvæmdastjórninni innlendra skoðunarmenn sem geta tekið þátt í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar og á tengdu undirbúnings- og skýrslugjafarstigi.

2. Innlendir skoðunarmaður skal ekki taka þátt í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar í því aðildarríki þar sem hann er ráðinn til starfa.

3. Hvert aðildarríki skal útvega framkvæmdastjórninni skrá yfir innlendra skoðunarmenn og framkvæmdastjórnin getur farið þess á leit við þá að þeir taki þátt í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

Uppfæra skal þessa skrá a.m.k. í júnílok ár hvert og í fyrsta skipti innan átta vikna frá gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni um skrárnar sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr.

5. Ef framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að innlendir skoðunarmaður taki þátt í tiltekinni skoðun framkvæmdastjórnarinnar skal hún fara fram á það að aðildarríkin upplýsi hvort innlendir skoðunarmenn séu tiltækir til að annast þá skoðun. Slíkar beiðnir skulu venjulega lagðar fram átta vikum áður en skoðunin fer fram.

6. Framkvæmdastjórnin skal standa straum af kostnaði við þátttöku innlendra skoðunarmanna í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglur Bandalagsins.

6. gr.

#### Tækniástoð Siglingaöryggisstofnar Evrópu við skoðanir framkvæmdastjórnarinnar

- Þegar framkvæmdastjórnin nýtur tækniástoðar skv. iv. lið b-liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1406/2002 skal Siglingaöryggisstofnun Evrópu útvega tæknilega sérfræðinga til að taka þátt í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. á undirbúnings- og skýrslugjafarstiginu.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni um skrá yfir tæknilega sérfræðinga frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu sem hún getur kallað til þátttöku í skoðun.

7. gr.

**Viðmiðanir fyrir menntun og hæfi og þjálfun skoðunarmanna framkvæmdastjórnarinnar**

1. Skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar skulu búa yfir viðeigandi menntun og hæfi, þ.m.t. nægileg fræðileg og hagnýt reynsla í siglingavernd. Þetta felur venjulega í sér:

- góðan skilning á siglingavernd og hvernig henni er beitt gagnvart þeirri starfsemi sem er til skoðunar,
- góða verkþekkingu á öryggisæðni og starfsaðferðum við siglingavernd,
- þekkingu á grundvallaratriðum skoðunar, aðferðum og tækni,
- verkþekkingu á þeirri starfsemi sem er til skoðunar.

2. Til að teljast hæfir til að annast skoðanir á vegum framkvæmdastjórnarinnar skulu skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar hafa lokið þjálfun með viðunandi árangri.

Þjálfunin, sem innlendir skoðunarmenn þurfa að hafa lokið til að starfa sem skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar, skal:

- vera faggilt af framkvæmdastjórninni,
- fela í sér grunnþjálfun og reglubundna endurþjálfun,
- tryggja fullnægjandi færni til að hafa eftirlit með því hvort verndarráðstafimar séu framkvæmdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 725/2004.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skoðunarmenn hennar uppfylli viðmiðin sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.

III. KAFLI

**VERKLAGSREGLUR UM FRAMKVÆMD SKOÐANA Á VEGUM FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

8. gr.

**Fyrirvari um skoðanir**

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna tengilið aðildarríkisins, á því yfirráðasvæði þar sem skoðun á að fara fram, um skoðun með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Við sérstakar aðstæður má stytta þennan tilkynningarfrest.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilkynning um skoðun sé trúnaðarmál til að tryggja að skoðunarferlið skaðist ekki.

2. Tengiliðnum skal tilkynnt fyrirfram um umfang fyrirhugaðrar skoðunar á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

Ef skoða á hafnaraðstöðu og skoðunin á að taka til skipa í þeirri hafnaraðstöðu skal upplýsa tengiliðinn um það í tilkynningunni.

3. Tengiliðurinn skal:

- upplýsa hlutaðeigandi lögbær yfirvöld í aðildarríkinu um skoðunina og
- tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi hlutaðeigandi lögbæru yfirvöld.

4. Tengiliðurinn skal greina framkvæmdastjórninni, a.m.k. 24 klukkustundum áður en skoðunin fer fram, frá nafni fánaríkis og IMO-númeri skipa sem búist er við að verði í hafnaraðstöðu sem fær tilkynningu senda, samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr., meðan skoðunin fer fram.

5. Þegar fánaríki er aðildarríki skal framkvæmdastjórnin, þar sem því verður við komið, upplýsa tengilið þess aðildarríkis um að skoða megi skipið þegar það er í hafnaraðstöðunni.

6. Þegar skoðun á hafnaraðstöðu á aðildarríki felur í sér skip þess aðildarríkis sem er fánaríki skal tengiliður hafa samband við framkvæmdastjórnina til að staðfesta hvort skipið verði í hafnaraðstöðunni meðan skoðunin fer fram eða ekki.

7. Skoðanir framkvæmdastjórnarinnar skulu fara fram á vegum þess aðildarríkis þar sem hafnaraðstaðan er og það sinnir eftirliti og tryggir að kröfum sé framfylgt, skv. 9. reglu sérstakra ráðstafana, til að auka siglingavernd SOLAS-samningsins þegar annaðhvort:

- fánaríki skipsins er ekki aðildarríki eða
- skipið var ekki tilgreint í upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 4. mgr.

8. Þegar tengiliður fær tilkynningu um skoðun má fylgja með spurningalisti sem hlutaðeigandi lögbært yfirvald eða yfirvöld geta fyllt út fyrir skoðun ásamt beiðni um þau skjöl sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

Í tilkynningunni skal einnig tilgreina lokafrest til að fylla út og senda spurningalistann, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., til framkvæmdastjórnarinnar.

9. gr.

**Undirbúningur fyrir skoðanir**

1. Skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar skulu annast undirbúningsaðgerðir til að tryggja skilvirkni, nákvæmni og samræmi við skoðanirnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta tengilið í té nöfn skoðunarmanna framkvæmdastjórnarinnar, sem hafa umboð til að framkvæma skoðun, ásamt öðrum upplýsingum, eftir því sem við á.

3. Tengiliður skal tryggja að samræmingaraðili sé tilnefndur fyrir hverja skoðun til að sjá um hagnýtt fyrirkomulag skoðunarstarfsins.

*10. gr.*

#### **Framkvæmd skoðana**

1. Nota skal staðlaða aðferðarfræði til að fylgjast með beitingu aðildarríkja á kröfunum um siglingavernd sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 725/2004.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar njóti ávallt fylgdar meðan skoðun stendur yfir.

3. Ef skip er í hafnaraðstöðu, þar sem á að skoða það, og fánaríki skipsins er ekki aðildarríki hafnaraðstöðunnar skal aðildarríki hafnaraðstöðunnar tryggja að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar njóti fylgdar starfsmanns yfirvalds, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004, meðan skipið er skoðað.

4. Skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar skulu bera skilríki sem heimilar þeim að framkvæma skoðanir fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Aðildarríkin skulu tryggja að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar fái aðgang að öllum svæðum sem nauðsynlegt er að skoða.

5. Prófun skal því aðeins fara fram að tengilið hafi verið tilkynnt um hana og að hann samþykki umfang og tilgang hennar. Tengiliðurinn skal hafa nauðsynlegt samráð við hlutaðeigandi lögbær yfirlögd.

6. Með fyrirvara um 11. gr. skulu skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á og því verður við komið, flytja óformlega samantekt á staðnum um athugasemdir sínar.

Tengiliðurinn skal þegar í stað upplýstur um hvers kyns frávik frá reglugerð (EB) nr. 725/2004, sem koma fram við skoðun framkvæmdastjórnarinnar, áður en lokið hefur verið við skoðunarskýrsluna í samræmi við 11. gr.

*11. gr.*

#### **Skoðunarskýrsla**

1. Framkvæmdastjórnin skal senda viðkomandi aðildarríki skoðunarskýrslu innan sex vikna frá því að skoðuninni lauk.

2. Hafi skipið verið skoðað þegar hafnaraðstaða var skoðuð skal einnig senda viðeigandi hluta skoðunarskýrslunnar til aðildarríkisins sem er fánaríkið ef það er ekki sama aðildarríkið og skoðunin fór fram í.

3. Aðildarríkið skal upplýsa aðilana, sem sættu skoðun, um þær athugasemdir skoðunarinnar sem máli skipta.

4. Í skýrslunni skal greint frá athugasemdum skoðunarinnar og tilgreind hvers kyns frávik eða gróf frávik frá reglugerð (EB) nr. 725/2004.

Skýrslan getur falið í sér tillögur um aðgerðir til úrbóta.

5. Þegar lagt er mat á framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 725/2004 skal einn af eftirtöldum flokkum eiga við um hverja athugasemd í skýrslunni:

- a) samrýmist að öllu leyti,
- b) samrýmist en umbætur æskilegar,
- c) frávik,
- d) gróft frávik,
- e) á ekki við,
- f) ekki staðfest.

*12. gr.*

#### **Svar aðildarríkisins**

1. Aðildarríkið skal, innan þriggja mánaða frá sendingardegi skoðunarskýrslunnar, afhenda framkvæmdastjórninni skriflegt svar við skýrslunni þar sem:

- a) fjallað er um athugasemdirnar og tillögurnar og
- b) kveðið er á um aðgerðaáætlun, þar sem tilgreindar eru aðgerðir og frestir til að ráða bót á hvers kyns tilgreindum annmörkum.

2. Ef ekki eru tilgreind nein frávik eða gróf frávik frá reglugerð (EB) nr. 725/2004 í eftirlitsskýrslunni er ekki krafist svars.

*13. gr.*

#### **Aðgerð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin má gripa til einhverra eftirtalinna ráðstafana ef um frávik eða gróf frávik er að ræða frá reglugerð (EB) nr. 725/2004 og að fengnu svari frá aðildarríkinu:

- a) koma athugasemdum á framfæri við aðildarríkið eða fara fram á frekari upplýsingar til að skýra allt svarið eða hluta þess,
- b) gera ráðstafanir um eftirfylgni til að hafa eftirlit með framkvæmd aðgerða til úrbóta en tilkynnt skal um slíka skoðun til eftirfylgni með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara,

c) hefja málsmeðferð gagnvart viðkomandi aðildarríki vegna brots.

2. Ef framkvæma á skoðun á skipi til eftirfylgni skal aðildarríkið sem er fánaríkið upplýsa framkvæmdastjórnina um næstu viðkomuhafnir skipsins, þegar þess er kostur, svo framkvæmdastjórnin geti ákveðið hvar og hvenær skoðun til eftirfylgni geti farið fram.

IV. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI**

14. gr.

**Viðkvæmar upplýsingar**

Framkvæmdastjórnin skal meðhöndla viðkvæmar upplýsingar sem tengjast skoðun sem leynilegar upplýsingar, sbr. þó 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004.

15. gr.

**Skoðunaráætlun framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina um forgangs röðun við framkvæmd skoðunaráætlunar sinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni reglulega um framkvæmd skoðunaráætlunar sinnar og um niðurstöður skoðananna.

16. gr.

**Upplýsingar til yfirvalda um gróft frávik**

Leiði skoðun í ljós gróft frávik frá reglugerð (EB) nr. 725/2004, sem talið er að hafi veruleg og almenn áhrif á siglingavernd í Bandalaginu, skal framkvæmdastjórnin tilkynna öðrum aðildarríkjunum um það þegar í stað eftir að hafa sent skoðunarskýrsluna til hlutaðeigandi aðildarríkja.

17. gr.

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2006 og reglulega eftir það, endurskoða skoðunarkerfi sitt og einkum skilvirkni þess.

18. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*